

Múrbúðin ehf.  
Kletthálsi 7  
110 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2021  
UST202110-060/H.I.I.  
07.06.02

### **Niðurstöður eftirlits með markaðssetningu og merkingu sæfivara á markaði**

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með sæfivörum á markaði hjá Múrbúðinni ehf. þann 8. október 2021. Undir umfang eftirlitsins féllu allar sæfivörur í vöruflokkum 7 - rotvarnar-efni fyrir yfirborðsfilmu; 8 - viðarvarnarefni; 14 - nagdýraeitur; 18 - skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum og 21 - gróðurhindrandi vörur, sem Múrbúðin ehf. býður fram á markaði.

Skoðað var hvort að vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi skv. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur, sbr. reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og hvort að vörur með markaðsleyfi, uppfylltu skilyrði um flokkun, pökkun og merkingu skv. sömu reglugerðum. Jafnframt var skoðað hvort merkingar væru í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sbr. reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Eftirlitið náði til 6 sæfivara, sem eru fluttar inn og boðnar fram á markaði af Múrbúðinni ehf., og reyndust 4 þeirra ekki uppfylla kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum sem falla undir umfang eftirlitsins. Nánar um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðsleyfi og merkingar og þau frávík frá tédum kröfum sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir Múrbúðinni ehf. frest til 19. nóvember 2021 til að senda stofnuninni afrit af merkimiðum fyrir vörurnar; Colorex Copperol – Brun 1 l, Colorex Grundolja Classic Primer oil – 3 l, ODEN eðalolía – glært 2,7 l og Träolja Klassisk Premium – 3 l.

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST202110-060. Rafræn skjöl sendist á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Umhverfisstofnun veitir Múrbúðinni ehf. hér með frest til 5. nóvember nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar og rökstyðja ástæður þess að efni skýrslunnar ætti að njóta leyndar fyrir 5. nóvember nk.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessar tilteknu vörur gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr., og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr. Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin úmagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. 30. gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar<sup>1</sup>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um sæfivörur í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið hafdisi@ust.is.

Virðingarfyllt,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir  
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason  
sérfræðingur

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/>